

5
7. jan.

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar kr. 250.00
Ógiftar konur — 180.00

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 116 1954, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1955.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

6
7. jan.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64
21. apríl 1948, sbr. reglugerð nr. 272/1950.

1. gr.

Öll hafnargjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimtast með 25% viðauka, til ársloka 1955.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendningarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

7
10. jan.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vantsskatts í Reykjavík, nr. 213 23. des. 1947.

1. gr.

1. gr. 1. málsg. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 2% af fasteignamatsverði hússins.

2. gr.

2. gr. 2. málsg. orðist svo:

Aukavatnsskatt skv. 1. málsg. skal innheimta samkvæmt mæli með 80 aura verði fyrir hvern teningsmetra.